

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Djúpavogshreppi árið 1996.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 6.900 pr/hund á árinu 1996.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1996.

*Umhverfisstjórnuneytið, 19. desember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 1996.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996.

#### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í sveitarfélaginu og er kr. 5.000 pr/tunnu húsasorps. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

*Umhverfisstjórnuneytið, 19. desember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*